

Reykjavík, 17, desember 2024

Erindi til bæjarstjórnar Reykjanesbæjar varðandi fjárhagslegan stuðning í verkefni tengt dýravelferð

Við óskum við hér með eftir stuðningi við dýravelferðarverkefni okkar, **FÓÐRUN VATNAFUGLA Á FITJUM Í REYKJANESBÆ.**

Hópurinn okkar samanstendur af sjálfboðaliðum sem sinna fóðrun vatnafugla – aðallega er um að ræða endur, gæsir og álfir - á veturna bæði í Reykjavík og nágrennasveitafélögum . Fólki gefur víða smáfuglum í gördum yfir veturinn en andfuglarnir hafa orðið útundan og þurfa sárlega á stuðningi að halda.

Undirrituð stofnaði þennan hóp í desember árið 2022 þegar jarðbönn voru og óvenju kalt í veðri. Við störfum undir heitinu **BJÖRGUM DÝRUM Í NEYÐ** á Facebook. Við höfum gefið fuglum á Fitjum daglega síðan þá yfir veturinn. Við gefum næringaríkt kornfóður og andarungaköggla og höfum notið styrkja í Reykjavík frá Dýraþjónustu Reykjavíkur fyrir fóðurgjöf innan Reykjavíkur, ný nýverið að upphæð 200.000 kr. , frá Kópavogsbæ og Hafnarfjarðarbæ svo og fóðurgjafa frá gaeludyr.is sem hafa dyggilega stutt við bakið á okkur í vetur.

Það er brýnt að rétta fuglum hjálparhönd yfir harðasta vetrartímenn en við metum það svo að þörfin fyrir Fitja sé um 30 - 40 kg af fóðri á dag yfir kaldasta tímenn þegar jarðbönn eru. Þetta gerir um 6000 kg af korni yfir veturinn þ.e. frá miðjum desember og fram í apríl. Kornfóður er dýrt og kostar á bilinu 160 – 180 krónur per kíló. Við sjálfboðaliðar leggjum talsvert fé úr eigin vasa í fóðurkaup. Allur stuðningur er því vel þeginn. Við óskum eftir því að Reykjanesbær styðji okkur árlega eins og önnur sveitarfélög með myndarlegu framlagi svo unnt verði að halda fóðurgjöf áfram. Jafnframt væri æskilegt að setja upp skilti við Fitjar með leiðbeiningum til fólks varðandi hvað er best að gefa andfuglum. Við höfum því miður séð að sumir tæma ruslafötturnar sínar við tjarnirnar, losa sig við lambalæri, fisk, eggjaskurn og alls kyns drasl sem getur skaðað fuglana og stýtt líf þeirra. Það er mun betra í alla staði að fóðrun sé skipulögð og framkvæmd reglulega af fólki sem hefur þekkingu og reynslu af slíku. Við njótum samstarfs við fugla- og vistfræðina héraendis sem erlendis er kemur að vali á fóðri.

Það þarf ekki að tíunda það hve mikils virði það er fyrir bæjarbúa og ferðamenn að njóta nálægðar við villta fugla innan bæjarmarka og er ég þess fullviss að Reykjanesbær vill sjá til þess að aðbúnaður og umhverfi fuglanna sé til sóma fyrir bæjarfélagið.

Virðingarfyllt
Ingiveig Gunnarsdóttir
f.hönd hópsins Björgum Dýrum í Neyð